

**139. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
1. september 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2008210 - Áhrif FL kjarasamninga á starfsemi leikskóla**

Farið yfir helstu breytingar sem urðu við samþykkt nýs kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags leikskólakennara og hvaða áhrifa hann hefur á starfsemi leikskóla á Akranesi.

*Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjórnenda, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara og Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskóla sitja fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakka góða samantekt.*

*Áheyrnarfulltrúar víkja af fundi.*

**2. 2006178 - Ípróttamiðstöð Jaðarsbökkum - uppbygging**

Kynning á stöðu uppbyggingar á ípróttamannvirkjum á Jaðarsbökkum en bæjarráð samþykkti á fundi sínum 12. ágúst að Ask arkitektar ljúki arkitektahönnun á fyrsta áfanga við Jaðarsbakka.

*Skóla- og frístundaráð fagnar þessum áfanga.*

**3. 2003147 - Covid-19 staðan á skóla- og frístundasviði**

Umræða um stöðu stofnanna á skóla- og frístundasviði í tengslum við Covid-19.

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir upplýsingarnar.*

**4. 2008211 - Skóla- og frístundasvið- lykiltölur í byrjun skólaárs 2020-2021**

Samantekt á lykiltölum frá stofnunum á skóla- og frístundasviði í upphafi starfsársins.

*Skóla- og frístundaráð fagnar því að fjölgun eigi sér stað í grunnskólunum og lausum plássum hjá dagforeldrum.*

**5. 2002069 - Menntastefna- endurnýjun**

Framhaldsumræða um næstu skref varðandi vinnu við nýja menntastefnu

Akraneskaupstaðar.

Skóla- og frístundaráð óskar eftir fjárhagsáætlun fyrir næsta fund.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**

Bára Dáðsdóttir  
Sandra M. Sigurjónsd.  
Ragnar Samundsson